

Samstarfsáætlun Iðavallar og Oddeyrarskóla 2019 - 2020

Markmið með samstarfinu er fyrst og fremst að auðvelda börnum að hefja nám í grunnskóla og auðvelda kennurum að eiga samtal milli skólastiga um starf sitt.

Ágúst

Deildarstjórar skólanna hittast og ræða samstarfsáætlun.

September

Þriðjudagur 24. september kl. 09:00. Elstu börn Iðavallar koma og fá að skoða sig um á bókasafni skólans og í frístund.

Október

Nemendur 1. bekkjar Oddeyrarskóla velja sér dag til að fara í útiheimsókn á Iðavöll og leika sér þar. Tímasetningar ákveðnar í samráði við deildarstjóra á leikskóla.

Nóvember

Dagur Íslenskrar tungu þann 16. nóvember. Nemendur úr 4. bekk fara 15. nóvember á Iðavöll og lesa fyrir elstu börnin. Mæting kl. 10:00.

Desember

Þriðjudaginn 10. desember kl. 09:00. Nemendur 1. bekkjar heimsækja Iðavöll. Fara inn á deildir.

Fimmtudaginn 12. desember kl. 09:00. Nemendur 7. bekkjar heimsækja Iðavöll. Nemendur skipta sér niður á deildir og lesa fyrir börnin. Sögur eru valdar m.t.t. aldurs og æfa þarf lesturinn áður en farið er af stað. Boðið í morgunverð og samveru.

Janúar

Fimmtudagur 23. janúar kl. 9:50. Elstu börnum Iðavallar boðið að koma og sjá árshátíðaratriði 1. og 2. bekkjar.

Mars

Miðvikudaginn 25. mars kl. 10. Elstu börn Iðavallar koma og taka þátt í kennslustund í 1. bekk.

Apríl

Þriðjudagur 21. apríl. Elstu börn Iðavallar koma í heimsókn og skoða allan skólann. Vinabekkur tekur á móti þeim kl. 10:30 úti og skipuleggur dagskrá fyrir um það bil klukkustund.

Maí

Þriðjudagur 12. maí kl. 11:45. Elstu börn leikskóla koma í hádegismat og fara svo í list- og verkgreinar eftir matinn.

Einn útivistardagur - þar hittast vinabekkir á Eiðsvelli, taka nokkra leiki og borða nesti. Ákveðið út frá veðurspá.

Íþróttahús opið fyrir leikskólann á mánudögum kl. 9:30